

**Mál nr. 7**  
**ÍR**  
**gegn**  
**ÍA**

**Kæra ÍR**  
**Dómkröfur**

ÍR krefst þess að leikur ÍA – ÍR í 4. flokki karla á Íslandsmóti sem var spilaður 16. júní síðastliðinn, verði endurspilaður.

**Málavextir**

Leikmanni skipt útaf í ÍR og honum síðan bannað að koma aftur inná. Reglur segja hins vegar til um að leikmanni sem skipt er út af megi koma aftur inn á.

**Lagarök**

Samkvæmt reglum KSÍ er leikmönnum sem skipt er útaf leyfilegt að koma aftur inn á. Í okkar tilviki hefði leikmanninum sem skipt var útaf aldrei verið skipt útaf ef honum hefði ekki verið leyft að koma inn á aftur. Einnig leggjum við mikið upp úr því að skipta sem mest þegar líða tekur á leiki en í þessum tilvikum var okkur bannað það.

**Sönnunargögn**

Vitni

**Vitni**

Ómar Júlússon kt: 160585-3159

Sigurður H. Höskuldsson kt: 150585-2529

Virðingarfyllst,  
f.h. ÍR  
Steinn Einarsson og  
Sigrún Gréta Helgadóttir

**Greinargerð ÍA**

Málsatvik voru þannig:

Þjálfari ÍR tók leikmann útaf í fyrri hálfleik og setti hann aftur inná í hálfleik og leikur hann allt til leiksloka án athugasemda. Þjálfari ÍA taldi að það væri óheimilt og gerir athugasemd. Kæra ÍR byggir á atviki sem átti sér stað 5 mínútum fyrir lok leiksins þegar þjálfari ÍR ætlaði að skipta öðrum leikmanni inná sem tekinn hafði verið útaf en telur sig ekki hafa fengið leyfi til þess.

Hafi mistök verið gerð við framkvæmd leiksins hljóta þau að flokkast með öðrum mistökum sem dómara óhjákvæmilega gera öðru hverju. Einnig hljóta hin meintu mistök að hafa bitnað jafnt á báðum liðum hafi þau þá átt sér stað. Skýrsla dómara og aðstoðardómara 1 um umrætt atvik mun væntanlega leiða hið rétta í ljós.

Við teljum umrætt atvik rétt fyrir lok leiksins ekki skipta sköpum og mótmælum því að leikurinn verði leikinn aftur. Eitt einstakt tilvik rétt fyrir leikslok getur að okkar mati aldrei réttlætt það að heill leikur skuli leikinn að nýju. Við teljum það afar hættulegt fordæmi ef leikir verða leiknir aftur við hver smávægileg mistök sem dómurum leikja kunna að verða á.

**Virðingarfyllst**  
**F.h. Unglinganefndar KÍA**  
**Ólafur Jósefsson**  
**Yfirþjálfari yngri flokka UKÍA**

**Úrskurður dómstóls KSÍ**

Ár 2006, þriðjudaginn 25. júlí, er dómþing Dómstóls KSÍ háð af Gunnari Guðmundssyni

Fyrir er tekið málið nr 7/2006

Íþróttafélag Reykjavíkur, knattspyrnudeild,  
gegn  
Íþróttafélagi Akraness, knattspyrnudeild

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

#### **Dómur:**

Mál þetta er höfðað með ódagsettri kæru sem barst innan kærufrests til skrifstofu KSÍ þann 23. júní s.l. Kærandi er Íþróttafélag Reykjavíkur, knattspyrnudeild, kt. 560284-0399, Skógarseli 12, Reykjavík, en hið kærða félag er Íþróttafélagi Akraness, knattspyrnudeild kt. 500487-1279, Jaðarsbökkum, Akranesi

#### **I.**

##### **Dómkröfur.**

Kærandi, Íþróttafélag Reykjavíkur, knattspyrnudeild, gerir kröfu um að leikur ÍA og ÍR sem fram fór á Íslandsmóti karla í 4. flokki þann 16. júní s.l. verði leikinn að nýju.

##### **Málsatvik, málsástæður og lagarök kæranda.**

Kærandi lýsir málsatvikum þannig í kæru: að leikmanni ÍR hafi verið skipt út af, en þegar átti að setja hann inn á að nýju hafi honum verið bannað að koma inn á aftur.

Samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er leikmönnum sem skipt er út af í Íslandsmóti 4. flokks leyfilegt að koma aftur inn á leikvöll eftir að hafa verið teknir út af fyrr í leiknum. Kærandi heldur því fram að viðkomandi leikmanni hefði aldrei verið skipt út af ef vitað hefði verið fyrirfram að honum hefði verið meinað að taka frekar þátt í leiknum. Kærandi kveðst leggja mikið upp úr að skipta sem mest þegar líða tekur á leiki en í þessu tilviki hafi þeim verið bannað það af dómara leiksins.

#### **II.**

Hið kærða félag hefur lagt fram greinargerð þar sem því er mótmælt að framangreindur leikur verði leikinn að nýju. Í greinargerðinni segir orðrétt:

"Þjálfari ÍR tók leikmann út af í fyrri hálfleik og setti hann aftur inná í hálfleik og leikur hann allt til leiksloka án athugasemda. Þjálfari ÍA taldi að það væri óheimilt og gerir athugasemd. Kæra ÍR byggir á atviki sem átti sér stað 5 mínútum fyrir lok leiksins þegar þjálfari ÍR ætlaði að skipta öðrum leikmanni inná sem tekinn hafði verið út af en telur sig ekki hafa fengið leyfi til þess.

Hafi mistök verið gerð við framkvæmd leiksins hljóta þau að flokkast með öðrum mistökum sem dómara óhjákvæmilega gera öðru hverju. Einnig hljóta hin meintu mistök að hafa bitnað jafnt á báðum liðum hafi þau þá átt sér stað. Skýrsla dómara og aðstoðardómara 1 um umrætt atvik mun væntanlega leiða hið rétta í ljós.

Við teljum umrætt atvik rétt fyrir lok leiksins ekki skipta sköpum og mótmælum því að leikurinn verði leikinn aftur. Eitt einstakt tilvik rétt fyrir leikslok getur að okkar mati aldrei réttlætt það að heill leikur skuli leikinn að nýju. Við teljum það afar hættulegt fordæmi ef leikir verða leiknir aftur við hver smávægileg mistök sem dómurum leikja kunna að verða á."

#### **III.**

##### **Málsmeðferð.**

Hinu kærða félagi var gefin kostur á að tjá sig með skriflegri greinargerð um kærufni og liggur sú greinargerð frammi í málinu..

Á grundvelli 6. tl. 7. greinar laga um dómstóla Knattspyrnusambands Íslands óskaði dómari eftir skriflegri skýrslu dómara um málsatvik og liggur hún fyrir undirrituð af báðum aðstoðardómurum leiksins (AD1 og AD2). Um málsatvik kemur þar m.a. fram eftirfarandi:

"Í fyrri hálfleik fór fram skipting, þar sem leikmaður sem hafði byrjað leikinn var settur aftur inná. Frjálsar skiptingar eru leyfðar í 4 fl. ka.

Eftir þetta fór Hjálmur Dór, þjálfari ÍA-liðsins, að kvarta yfir því að ekki mætti nota mann aftur sem hefði verið inná áður. Hann var spurður hvort hann væri alveg viss, þar sem skiptingar í 4. fl. ka. væru algerlega frjálsar. Hann var á annarri skoðun og hélt áfram að kvarta yfir þessu við AD1 fram í seinni hálfleik.

Málin þróuðust síðan þannig að ÍA-liðið skoraði úr vítaspyrnu og var þar með komið yfir 1-0.

Þegar u.þ.b. 4-5 mín eru til leiksloka spyr þjálfari ÍR hvort hann megi skipta inná manni sem hann hafði áður notað. Því neitaði AD1 þar sem Hjálmur hafði loks náð að sannfæra hann um að hann hefði rangt fyrir sér varðandi þessar skiptingar. (Þetta tekur AD1 alfarið á sig sem sín mistök þar sem hann hélt að þjálfarinn væri betur upplýstur, ennfremur hafði AD1 ekki verið viðloðandi dómgæslu í 4.fl. í langann tíma)."

Við þingfestingu málsins gafst kæranda síðan tækifæri að koma að athugasemdum, mótmælum eða gagnrökum við fyrirtöku málsins, en talsmaður kæranda vildi leiðrétta málsatvik í skýrslu dómara á þann veg að það hafi einungis verið liðnar 5 mínútur af síðari hálfleik þegar þjálfari kæranda hafi ætlað að skipta leikmanninum Guðmundi Kristjánssyni kt. 081092-2899 inn á leikvöllinn, en hafi þá verið meinað það af aðstoðardómara .

Þar sem hvorugur aðili gerði frekari athugasemdir við framlögð gögn og lýstu gagnasöfnun lokið var málið dómtekið með þeim skriflegum gögnum sem fyrir lágu í málinu.

#### IV.

##### Niðurstaða.

Óumdeilt er í málinu að aðstoðardómari í leik málsaðila frá 16. júní s.l. meinaði þjálfara kæranda að skipta í seinni hálfleik inn á leikmanni sem hann hafði áður notað í leiknum. Aðstoðardómara og kæranda ber hins vegar ekki saman um hvenær í síðari hálfleik sú beiðni kom fram. Samkvæmt grein 3.9.5. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót mega skiptingar í Íslandsmóti 4. flokks karla fara fram hvenær sem er í leiknum. Orðrétt segir: " Skiptimanni er því heimilt að ganga til leiks þegar einhver leikmaður í liði hans hefur yfirgefið leikvöllinn fyrir miðri hliðarlínu án þess að tilkynna dómaranum um það. Leikmaður, sem skipt hefur verið út af leikvelli, má ganga til leiks á ný."

Af framansögðu er því ljóst að synjun aðstoðardómara að heimila leikmanninum Guðmundi Kristjánssyni að koma inn á leikvöllinn að nýju brýtur í bága við skýrt orðalag framangeinds ákvæðis.

Með hliðsjón af fyrri dómafordæmum verður að líta svo á að framangreind regla varði skipan keppnisliðs í kappleikjum og sé því ekki atriði sem dómari eigi endanlega ákvörðun um samkvæmt 5. grein knattspyrnulaga.

Eins og málið er vaxið verður að fallast á rök kæranda að framangreindur rangur skilningur dómara á formreglum leiksins leiði til þess að leika verði framangreindan leik málsaðila að nýju.

#### DÓMSORÐ:

Leikur ÍA og ÍR sem fram fór í Íslandsmóti 4. flokks karla á Akranesi hinn 16. júní 2006 er hér með ógiltur og þar með úrslit hans. Leikurinn skal leikinn að nýju.

Þannig fram farið  
Reykjavík 25. júlí 2006  
F.h. Dómstóls KSÍ  
Gunnar Guðmundsson.

## Áfýjun ÍA

ÍA krefst þess að dómruinn verði ógildur og upphafleg úrslit leiksins 1 -0 fyrir ÍA skuli standa. Til vara krefst ÍA þess að einungis síðustu 4 – 5 mín. Leiksins skulu leiknar aftur þegar staðan í leiknum er orðin 1 – 0 fyrir ÍA.

Í dómsorði stendur að aðstoðardómara og kæranda beri ekki saman um hvenær í síðari hálfleik beiðni ÍR kom fram og að okkar mati virðis Dómstóll KSÍ ekki taka nægilegt tillit til og / eða gera sér grein fyrir mikilvægi þessarar tímasetningar í dómi sínum.

Óumdeilt er að aðstoðardómari 1 meinaði leikmanni ÍR að koma aftur til leiks en atvikið átti sér stað 4 -5 mín. Fyrir leiklok en EKKI í upphafi síðri hálfleik eins og forsvarsmenn ÍR héldu síðar fram EFTIR að kæran var lögð fram.

Þar sem þetta er að okkar mati lykilatriði málsins förum við fram á að Dómstóll KSÍ viðurkenni mikilvægi tímasetningarinnar.

Mikilvægi tímasetningarinnar liggur fyrst og fremst í þeirri staðreynd að ÍA skoraði löglegt mark á 50. mín og við mótmælum því harðlega að Dómstóll KSÍ geti með dómi tekið löglega skorað mark af liðinu. Að okkar mati eru engin rök fyrir því að leika leikinn að nýju þar sem eingöngu er um að ræða síðustu 4 -5 mín. leiksins og umrætt atvik skipti ekki á nokkurn hátt sköpum fyrir þróun leiksins. Ef Dómstóll KSÍ telur umrætt atvik það mikilvægt að leika þurfi Leikinn að nýju á að sjálfsgöðu einugis að leika þessar síðustu 4 -5 mín. Þegar staðan var orðin 1 – 0 fyrir ÍA. EKKERT hafði truflað rétt framkvæmd leiksins fram að síðustu 4 -5 mín. Leiksins og því er í næsta máta óeðlilegt að dæma þann hluta leiksins sem löglega fór fram ómerkan.

Við förum einnig fram á að Dómstóllinn taki mark á skriflegri skýrslu dómara leiksins..

Ef dómurum leiksins er ekki treystandi til að fara með rétt mál varðandi tímatöku leikja og Dómstóllinn tekur eki mark á skriflegri skýrslu dómara leiksins um það hvernær atvikið átti sér stað þarfnast það að okkar mati frekari rannsóknar.

Í dómsorði kemur fram að dómarar hafi ekki vald til að breyta formreglum leiksins og í skýrslu dómara kemur fram að dómarar viðurkenna að mistök hafi átt sér stað. Að okkar mati hljóta þessi mistök dómara, þó að flokkast undir formreglur leikja, að flokkast með öðrum mistökum sem dómurum óhjákvæmilega verða á í kappleikjum. Við óttumst hver íslensk knattspyrnu stefni eiginlega ef hægt er að kæra öll mistök sem dómarar gera í leikjum og Dómstóll KSÍ úrskurðar að leika skuli að nýju.

Við mótmælum einnig þeirri túlkun Dómstóls KSÍ að umrætt atvik sem á sér stað 4 - 5 mín. Fyrir leiklok sé svo alvarlegt að leika þurfi allan leikinn aftur og teljum að þetta einangraða atvik rétt fyrir leiklok hafi þvert á móti EKKI haft nein ruanveruleg áhrif á gang leiksins.

Í dómsorði er minnst á fyrri dómafordæmi og við ítrekum að við teljum fordæmisgildi þessa dóms sérstaklega varhugavert og mætti nefna eftirfarandi dæmi því til stuðnings. Við vitum dæmi þess að í 4. flokki karla hafi verið leikið með knetti númer 5 í stað 4, eins og vera ber. Ef þjálfari liðs gerir athugasemdir við það rétt fyrir leiksklok, en dómari álitur að ekki taki því að skipta um knött þegar svo langt er liðað á leikinn hlýtur þjálfari tapliðsins að geta kært leikinn og unnið þá kæru með sömu rökum um formgalla og fram kemur í umræddum dómi frá 25. júlí 2006. Mörg önnur dæmi um formgalla má ímynda sér og slyngir þjálfarar liða sem er að tapa leikjum geta þá beið náðast til leikslöks með að gera athugasemdir svo þeim opnast möguleiki á að kræa úrslit tapaðra leikja.

Við krefjumst þess að dómurinn verði ógildur og upphafleg úrslit leiksins 1 – 0 fyrir ÍA skulu standa. Til vara krefjumst við þess að einungis síðustu 4 – 5 mín. leiksins skuli leiknar aftur þegar staðan í leiknum er orðin 1 – 0 fyrir ÍA.

Virðingarfyllst f.h. UKÍA  
Ólafur Jósefsson  
Yfirþjálfari yngri flokka

## Úrskurður áfrýjunardómstóls KSÍ

Ár 2006, miðvikudaginn 9. ágúst kl. 8:30 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands háð á skrifstofu Sigurðar G. Guðjónssonar Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, af Sigurði G. Guðjónssyni, Guðmundi Péturssyni og Vilhjálmi H. Vilhjálmsyni.

Fyrir er tekið:  
Mál nr. 4/2006:  
Knattspyrnudeild ÍA  
gegn  
Knattspyrnudeild ÍR.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

### dómur.

#### I.

Mál þetta dæma Sigurður G. Guðjónsson, Guðmundur Pétursson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson. Hinn áfrýjaða dóm kvað upp Gunnar Guðmundsson dómari dómstóls Knattspyrnusambands Íslands þann 25. júlí 2006.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu þann 28. júlí 2006 og gerir þessar kröfur fyrir hönd áfrýjanda:

Aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði ógiltur og að upphafleg úrslit leiks áfrýjanda og stefnda 1-0 fyrir áfrýjanda skuli standa.

Til vara krefst áfrýjandi þess að ef til endurtekningar á leik hans og stefnda komi skuli aðeins leiknar síðustu 4 til 5 mínútur leiksins.

Stefndi krefst í greinargerð sinni, sem lögð var fram á dómþingi 2. ágúst 2006, staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

#### II.

Málavextir samkvæmt framlögðum gögnum eru þeir að í leik í Íslandsmóti A-liða 4. flokks karla ÍA og ÍR, sem fram fór á Akranesvelli og hófst kl. 17:00 þann 16. maí sl. synjaði dómari leiksins, Jónas Geirsson, stefnda um að skipta inn á þegar um fjórar til fimm mínútur voru eftir af síðari hálfleik leikmanninum Guðmundi Kristjánssyni, sem hafði hafið leikinn sem aðalmaður en verið skipt út af fyrr í leiknum.

#### III.

Stefndi máls þessa kærði úrslit leiksins til dómstóls KSÍ með ódagsettri kæru og krafðist þess að leikur áfrýjanda og stefnda sem spilaður var í 4. flokki karla á Íslandsmóti 16. júní verði endurspilaður, þar sem dómari leiksins hafi ekki virt sérreglur reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót um inn á skiptingar í leikjum 4. flokks karla, sem séu frjálssar.

Í greinargerð áfrýjanda máls þess til dómstóls Knattspyrnusambands Íslands er á því byggt að um dómaramistök sé að ræða sem ekki verði breytt með málshöfðun fyrir dómstólum knattspyrnuhreyfingarinnar. Sé það hins vegar álit dómsins að hann geti breytt ákvörðun dómara leiks þá geti sú ákvörðun aldrei snert leikinn allan heldur aðeins þann hluta hans, sem eftir lifði þegar dómari tók hina umdeildum ákvörðun.

#### III.

Í máli þessu er um það deilt hvort leika eigi að nýju leik A-liða í 4. flokki karla, þar sem dómari leiksins hafi ekki gætt gr. 3.9.5 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, þar sem kveðið er á um frjálssa skiptingu leikmanna í 4. flokki, þegar hann meinaði stefnda að skipta aftur inn á leikmanninum Guðmundi Kristjánssyni, sem hafið hafði leikinn.

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót geynir ekki sérstök ákvæði um valdsvið dómenda knattspyrnuleikja. Þau ákvæði er hins vegar að finna í 5. gr. knattspyrnulaga. En knattspyrnulögin eru æðsta réttarheimild um framkvæmd knattspyrnuleikja á vegum Knattspyrnusambands Íslands. Samkvæmt nefndu ákvæði eru ákvarðanir dómara varðandi atvik leiksins endanlegar og verður ekki breytt með málsskoti.

Meðal þeirra atriða sem dómara þurfa að taka afstöðu til meðan á leik stendur er að heimila skipti á leikmönnum sbr. 3. gr. knattspyrnulaga, að beiðni forsvaramanna þeirra liða sem leika hverju sinni.

Heimild eða synjun dómara á leikmannaskiptum, þó röng reynist eftir á, verður því ekki breytt með málskoti.

Samkvæmt þessu er það niðurstaða áfrýjunardómstólsins að hinum áfrýjaða dómi skuli hrundið og úrslit hins kærða leiks 1-0 skuli standa.

### **Dómsorð**

Hinum áfrýjaða dómi er hrundið. Úrslit í leik ÍA og ÍR Íslandsmóti 4.fl. A. karla, sem fram fór þann 16. júní 2006, 1-0 skulu standa.

Sigurður G. Guðjónsson  
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson  
Guðmundur Pétursson